

S A M Þ Y K K T**um bann við veiði göngusilungs við Vesturós Héraðsvatna.****1. gr.**

Bönnuð er netjaveiði göngusilungs í sjó fyrir Vesturósi Héraðsvatna á tíma-
bilinu frá 1. júní til 31. ágúst á svæði, er afmarkast að vestan af línu, sem hugs-
ast dregin í beinu framhaldi rétt norður af landamerkjum Sjávarborgar og Sauð-
árkróksbæjar á Borgarsandi, 700 metra í sjó fram út frá stórstraumsfjöruborði, og
frá norðurenda þeirrar línu í Hegranses 700 metrum norðan við Héraðsvatnaós,
miðað við stórstraumsfjöruborð. Bann þetta tekur til hvers konar netja og veiðivéla,
sem göngusilungur getur veiðst í.

2. gr.

Ráðherra veitir undanþágu til eins árs í senn frá veiðibanni því, sem sett er
samkvæmt 1. gr., til dráttar fyrir síld og loðnu til beitu samkvæmt reglum, er
hann setur þar um, enda liggja fyrir skrifleg umsókn um slíka undanþágu.

3. gr.

Samþykkt þessi, sem er gerð af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu samkvæmt heimild
í lögum nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til þess að öðlast
gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1965.

Ingólfur Jónsson.

Jón L. Arnalds.

10. febrúar 1965.

Nr. 24.

S A M Þ Y K K T**um forkaupsrétt Siglufjarðar á lóðum og fasteignum, sem að sjó liggja
í Siglufirði.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og
kaupúna á hafnarmannvirkjum og fleiru, samþykkti bæjarráð eftirfarandi:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á öllum útgerðarstöðvum með
lóðarréttindum, frá og með Hvanneyrarbakka að norðan og suður að lóðum
Hafnarsjóðs Siglufjarðar í Innri-höfn, en það er eftirtaldar útgerðarstöðvar og
lóðarréttindi:

Hvanneyrarbakki, eign Vigfúsar Friðjónssonar.

Hvanneyrarbrókur III, eign Skeljungs hf.

Ránargata 2, Kambsreitir, eign Óliuverzlunar Íslands hf.

Lóðir, bryggjur og mannvirki Síldarverksmiðja ríkisins, austan Vetrarbrautar.

Hraðfrystihús og lóðarréttindi hf. Hrimnir (Þormóðsreitir).

Síldarstöð og lóðarréttindi Samv.fél. Jarlinn (Þormóðsreitir).

Síldarstöð og lóðarréttindi dætra Óskars Halldórssonar (Ásgeirsreitir).

Síldarstöð og lóðarréttindi O. Henriksen (Hinriksreitir).

Síldarstöð og lóðarréttindi Sigf. Baldvinssonar (Búðarreitir).

Síldarstöð og lóðarréttindi Ólafs Ragnars (Ragnarsreitir).